

Alþingi – Nefndasvið
Atvinnuveganefnd
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 6. júní 2024
Málsnúmer: 202405-0033
SS

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030.

Vísað er í tölvubréf frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags 22. maí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030, þingmál 1036.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér ferðamálastefnuna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Það er jákvætt að stefnt sé að metnaðarfullu markmiði um að íslensk ferðaþjónusta verði leiðandi í sjálfbærri þróun. Þar vegur þungt að mati Náttúrufræðistofnunar að hugað sé að umhverfisþættinum, dregið sem mest úr neikvæðum umhverfisáhrifum ferðaþjónustu og stutt við starfsemi sem leggur sérstaka áherslu á umhverfisvæna nálgun að rekstri og skipulagi ferðaþjónustu.

Í umfjöllun um helstu áhersluatriði varðandi umhverfisþáttinn er minnst á minnkandi kolefnisspor og forystuhlutverk í orkuskiptum sem og að finna jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og að hafa virðingu fyrir þolmörkum að leiðarljósi við uppbyggingu innviða. Þetta eru grundvallaratriði og í raun svipaðar áherslur og hafa verið um nokkuð skeið. Náttúrufræðistofnun saknar þess að ekki sé fjallað um líffræðilega fjölbreytni, en hnignun hennar á heimsvísu er ein stærsta umhverfisáskorun samtímans. Í nýrri landskipulagsstefnu er töluverð umfjöllun um líffræðilega fjölbreytni og hvernig skipulag og landnotkun þarf í vaxandi mæli að taka tillit til þess og að huga að ákvörðunum og útfærslum sem draga úr álagi á líffræðilega fjölbreytni og/eða hafa jákvæð áhrif. Vissulega fellur líffræðileg fjölbreytni undir umfjöllun um náttúru almennt en tilefni er til að minnast á það sérstaklega í svo mikilvægri og viðamikilli stefnu sem ferðamálastefnan er. Ekki síst því mikið af nýrri uppbyggingu víða um land er vegna ferðaþjónustu og vistkerfi og búsvæði lífvera eru undir vaxandi álagi frá atvinnuveginum. Álag á líffræðilega fjölbreytni birtist einnig vegna fleiri þátta en áhrifum uppbyggingar og má þar nefna truflun af ýmsum toga vegna aukinnar umferðar og fólksfjölda nálægt búsvæðum þeirra. Lífríki landsins er einnig mikilvægt aðdráttarafl fyrir ferðaþjónustu og sum fyrirtæki sérhæfa sig í ferðir til að skoða lífríkið t.d. hvala- og fuglaskoðunarferðir. Þar þarf að huga vandlega að umgengni við dýrin.

Ítarlega er fjallað um hlutverk rannsókna á sviði ferðamála í A-lið aðgerðaáætlunarinnar. Það er mjög af hinu góða en lítið er fjallað sérstaklega um rannsóknir á umhverfisþættinum en ljóst að ærið tilefni er til að rannsaka betur umhverfisáhrif ferðaþjónustu sem og hinar ýmsu hliðar er tengjast ferðaþjónustu sem leggur áherslur á umhverfisvænan rekstur eða upplifanir tengt náttúru. Náttúrufræðistofnun, aðrar rannsóknarstofnanir og fleiri aðilar héraendis hafa stundað



rannsóknir er tengjast áhrifum ferðaþjónustu á íslenska náttúru t.d. má nefna á nýlegar rannsóknir Náttúrufræðistofnunar á hvernig útbreiðsla framandi plöntutegunda inn á ferðamannastaði á hálendinu og á jarðhitasvæðum er tengd umferð ferðafólks. Mikilvægt er að tryggja gott samstarf við rannsóknarstofnanir af ýmsum toga og styðja við fjölbreytt rannsóknarstarf tengt ferðaþjónustu og náttúru landsins.

Undir C-liðnum um samfélag er m.a. fjallað um ábyrgð umsjónaraðila áfangastaða, að hún sé skýrð m.a. með tilliti til náttúruverndar. Þetta er mjög mikilvæg og góð aðgerð og nauðsynlegt að setja skýrar línur um hvernig þessu sé best háttað.

Undir D-liðnum um umhverfi eru margar góðar aðgerðir tilgreindar. Þar vegur einna þyngst að þróa verkfærakistu til að meta þolmörk og bregðast við álagi. Hér skiptir máli að verkfærakistan byggist á góðri þekkingu á hvernig birtingarmyndir álags eru, hvernig ólíkir náttúruvarnarspættir verða fyrir áhrifum og hvaða leiðir til úrbóta eða mótvægis séu líklegastar til árangurs. Tryggja þarf breiða þekkingu á mismunandi þáttum og leita þarf til ólíkra fagaðila hvað þetta varðar. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til ráðgjafar varðandi lífríki, jarðminjar, landslag o.fl. er tengist fagsviði stofnunarinnar. Hér mætti benda á að tengja við stefnur í náttúruvernd og við heimsmarkmið 14 og 15. Niðurstaða þessarar vinnu mun nýtast vel við að innleiða álagsstýringu sem er viðfangsefni aðgerðar D2. Þar ætti að bæta við að álagsstýringin er ekki einungis bundin tilteknum áfangastöðum heldur einnig í stærra samhengi t.d. getur umferðarálag á ferðaleiðum milli áfangastaða skipt máli fyrir truflun gagnvart lífríki og haft áhrif á jarðminjar, landslag o.fl. Einnig þarf að skoða hvernig aukinn fjöldi ferðafólks almennt á landinu getur leitt til álags á vistkerfi s.s. gegnum aukið álag á fráveitukerfi, aukna ruslmengun, aukna hljóð- og ljósmengun o.fl.

Fjallað er um að auka þarf fyrirtæki með umhverfis- og sjálfbærnivottanir og lágmarka vistspor innan greinarinnar. Það er mjög þarft og gott. Náttúrufræðistofnun saknar þess að ekki er fjallað sérstaklega um vistferðaþjónustu (Ecotourism) sem leggur áherslu á samspil ferðaþjónustu og náttúruverndar en sannarlega er tilefni til að fjölga fyrirtækjum af þeim meiddi hér á landi.

Því er fagnað að stefna eigi að fjölgun landvarða og að bæta menntun leiðsögumanna í þjóðgörðum. Hvoru tveggja afar mikilvægar og jákvæðar aðgerðir.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir en er tilbúin til frekari ráðgjafar eins og við á.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar

